



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

26. apríl 2018 – Pistill nr. 32

Sælir og blessaðir kæru Mývetningar um land allt og gleðilegt sumar. Það var vel við hæfi að fagna sumrinu í Skjólbrekku á sumardaginn fyrsta en þá bauð félags- og menningarmálanefnd til veislu í tilefni dagsins. Boðið var upp á tónlistaratriði og veisluborð. Góður rómur var gerður að nýja parketinu sem lagt var á húsið fyrir skömmu og kemur vel út. Einnig var boðið upp á skoðunarferð um alla króka og kima Skjólbrekku og nýttu margir sér það.



Húsnæðismál – Unnið að frekari uppbyggingu í Skjólbrekku

Sveitarstjórn samþykkti húsnæðisáætlun fyrir skömmu þar sem staðan var kortlögð. Atvinnumálanefnd er að undirbúa næstu skref í ljósi þess að talsverð eftirspurn er eftir húsnæði. Ákveðið hefur verið að halda íbúa- og kynningafund með yfirskriftinni *Hefur þú áhuga á því að kaupa íbúðarhúsnæði?* Atvinnumálanefnd Skútustaðahrepps boðar til íbúa- og kynningafundar um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Klappahrauni, þriðjudaginn 8. maí kl. 20:00 í Reykjahlíðarskóla. Allir áhugasamir íbúar og rekstraraðilar eru hvattir til þess að mæta til að kynna sér hugmyndir um byggingu húsnæðis. Ljóst er að talsverð eftirspurn er eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og er fundurinn liður í því að kortleggja eftirspurnina og kynna þá möguleika sem koma til greina.

Dagskrá:

1. Kynning á Húsnæðisáætlun Skútustaðahrepps
 2. Kynning verktaka/aðila á hugmyndum um uppbyggingu í Klappahrauni
 3. Kynning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga um möguleika á fjármögnun fyrir einstaklinga
- Í lok fundar verður tekið við skráningum frá áhugasömum aðilum, bæði einstaklingum og rekstraraðilum, sem hafa áhuga á því að kaupa íbúðarhúsnæði í Klappahrauni.

Vonandi er þetta fyrsta skrefið í átt að frekari uppbyggingu í Klappahrauni. Jafnframt er horft til uppbyggingar í kringum Skjólbrekku og þá er verið að deiluskipuleggja reitinn í kringum Kjörbúðina.

Af kennaraskorti, húsnæði, sumarnámskeiðum, dagmæðrum og sundlaug

Á fundi sveitarstjórnar lá fyrir bréf frá foreldrafélaginu við skólana. Var sveitarstjóra falið að svara því efnislega. Flokka má spurningar og vangaveltur foreldrafélagsins í þrennt og fylgja svör sveitarstjórnar með hverri spurningu.

1. *Áhyggjur af komandi vetri þar sem margir kennarar kveðja grunnskólann, skortur er á íbúðum fyrir starfsfólk, gera þarf sveitina meira aðlaðandi fyrir umsækjendur o.fl.*

Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur foreldrafélagsins varðandi mikinn fjölda af lausum kennarastöðum. Auglýst hefur verið eftir nýjum kennurum og hafa fyrirspurnir gefið tilefni til nokkurrar bjartsýni. Sveitarstjórn er meðvituð um bagalegan skort á íbúðarhúsnæði. Á 72. fundi sínum þann 14. mars sl. tók sveitarstjórn opinberlega undir áhyggjur skólanefndar af húsnæðisskorti í samhengi við þörf á nýráðningum í grunnskóla og leikskóla. Sveitarstjórn hefur undanfarið lagt áherslu á lausn þess vanda til lengri og skemmri tíma meðal annars með stefnumarkandi húsnæðisáætlun sem samþykkt var í lok nóvember sl. og er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Í ljósi mikillar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði er atvinnumálanefnd að undirbúa næstu skref en einn liður í því er íbúa- og kynningarfundur um málefnið þann 8. maí n.k. Það er von sveitarstjórnar að þessar aðgerðir komi til með að leiða til uppbyggingar

á íbúðarhúsnæði víða um sveitina og verður áhersla lögð á að hraða þeim framgangi svo sem frekast er unnt.

2. *Ánægja er með hjá foreldrafélaginu að Mývetningur hefur ráðið starfsmann í 100% starf í sumar til að vera með sumarnámskeið en vakin athygli á því að sveitarfélagið standi ekki fyrir sumarnámskeiðum. Þá starfi engar dagmæður í Mývatnssveit.*

Í sveitarstjórn hefur verið rætt um það mikla frumkvæði og elju sem einkennt hefur starf Mývetnings á síðustu misserum, nú síðast með enduropnun skíðasvæðisins í Kröflu og ráðningu sumarstarfsmanns til námskeiðahalds fyrir börn og eldri borgara í heilsuefandi samfélagi Mývatnssveitar. Þá hefur samstarf Mývetnings og sveitarfélagsins varðandi frístund (sambætt skóla- og frístundastarf fyrir 1.-6. bekk) verið afar gott. Sveitarfélagið styrkir Mývetning árléga með myndarlegu fjárframlagi sem gerir Mývetningi m.a. kleift að ráða starfsmann í þetta verkefni. Sé eftirspurn eftir fjölbreyttari námskeiðum en Mývetningur býður upp á er sveitarstjórn tilbúin til þess að skoða slíka möguleika. Þá má geta þess að sveitarstjórn hefur lagt ríka áherslu á að bæta aðstöðu fyrir börn hvað varðar skólamál og tómstundir. Þess má meðal annars má sjá merki um í breytingum og viðhaldi á skólahúsnæði, víðtæka stefnumótun í málaflokknum, rekstur „frístundar“ og endurnýjun á leiktækjum. Í því samhengi má nefna fjölnota hjólabraut sem sett var upp við skólann sl. sumar, endurnýjun á leiktækjum á skóla- og leikskólalóðum og þá verður settur svokallaður ærslabelgur (hoppudýna) vestan megin við sparkvöllinn í byrjun júní. Varðandi dagmæður þá hefur engin eftirspurn verið eftir slíkri þjónustu að undanförunu, enda

hefur mikið kapp verið lagt á þá þjónustu að foreldrum standi til boða leikskólapláss fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Skapist eftirspurn eftir þjónustu dagmæðra mun sveitarstjórn leita leiða til að verða við því.

3. *Sveitarfélagið hefur látið reikna út fyrir sig kostnað við byggingu og rekstur nýrrar sundlaugar. Foreldrafélagið spyr um framtíðaráform um byggingu nýrrar sundlaugar.*

Sveitarstjórn lét loka sundlauginni í ársbyrjun 2016 þar sem sundlaugarkarið, sem var úr trefjaplasi, var ónýtt og ítrekaðar tilraunir til lagfæringa höfðu ekki borið árangur. Þetta var þungbær en óumflýjanleg ákvörðun. Í síðustu viku var trefjaplastkarið fjarlæggt eins og gert hafði verið ráð fyrir samkvæmt fjárhagsáætlun. Í fjárhagsáætlun 2018 var einnig gert ráð fyrir gerð áætlunar um bygginga- og rekstrarkostnað fyrir nýju sundlaugarkari og hreinsibúnaði og var niðurstaðan kynnt á síðasta fundi sveitarstjórnar. Heildar byggingakostnaður við 16,7 m laug er á bilinu 105-145 m.kr. og við 25 m laug um 128-168 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er um 53 m.kr. en stór óvissupáttur er kostnaðurinn við hreinsun á klór vegna strangra krafna um frárennsli við Mývatn. Bættar rekstrarforsendur sundlaugar byggja á að rýndir verði að nýju möguleikar á rekstri laugar án klórs, sem og afleiddum tekjumöguleikum. Málinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar sem þýðir að nú liggja fyrir nýrri sveitarstjórn forsendur til að taka ákvörðun um framhaldið í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar á haustdögum. Sveitarstjórn lýsir ánægju með þann kraft sem hefur einkennt foreldrafélagið að undanfögnu og óskar góðs samstarfs um víðfeðm málefni barna- og skólastarfs í sveitarfélaginu,

málaflokk sem hefur veruleg áhrif á velgengni þess.



Síðasta laugardagsgangan

Í síðustu laugardagsgöngunni var gengið frá Garði og að Skútustöðum. Kári í Garði leiddi gönguna og eru honum og bændum í Haganesi og Neslöndum færðar bestu þakkir fyrir leiðsögnina í laugardagsgöngunum. Aðstandendur göngunnar vilja ennfremur þakka öllum þeim sem mættu í göngunum fjórar fyrir þátttökuna en yfirskriftin var að blanda geði, njóta útiveru og umhverfis og rækta heilsuna. Skútustaðahreppur er heilsueflandi samfélag.

Skólaakstur boðinn út

Sveitarstjóri fór yfir stöðu skólaaksturs á fundi sveitarstjórnar en núverandi samningar við verktaka renna út í lok skólaárs. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að fyrirkomulag verði með svipuðu sniði og útboð fari fram sem fyrst. Jafnframt verði tilboðsgjöfum heimilt að opna á að foreldrar leikskólakleppa í tveimur elstu árgöngum semji sérstaklega við bílstjórana. Nánari útfærsla verði unnin í samráði við leikskólakleppa og skólakleppa.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að sjá um framkvæmd útboðsins.

Rekstur samkvæmt áætlun

Sveitarstjóri gerði grein fyrir rekstraryfirliti Skútustaðahrepps og stofnana fyrir tímabilið janúar til mars 2018 á fundi sveitarstjórnar. Reksturinn er að mestu leyti í samræmi við fjárhagsáætlun.

Þá verður ársreikningur Skútustaðahrepps fyrir árið 2017 kynntur á næsta sveitarstjórnarfund.

Skólastarfið næsta vetur

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað skólastjóra Reykjahlíðarskóla vegna skóladagatala, frístundastarfs, tímamagns og skipulags starfsárið 2018-2019. Skólastjóri leggur til að;

- 1. bekkur verði einn námshópur
- 3.-5. bekkur verði námshópur með tvo umsjónakennara.
- 6.-7. bekkur verði námshópur með einn umsjónakennara.
- 8.-9. bekkur verði námshópur með einn umsjónakennara.

Kennslustundamagn fyrir allan skólann verði 165 kennslustundir á viku og 10 kennslustundir til sérkennslu. Samtals 175 kennslustundir á viku. Skólastjóra óskar eftir viðbótar stöðugildi grunnskólakennara í 100% starf frá 1. ágúst n.k. vegna fjölgunar námshópa.

Einnig að bætt verði við stöðu stuðningsfulltrúa í 80% starf frá 1. ágúst n.k. sem nýtist líka í frístundina. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna.

HRÓS DAGSINS...

Fær Leikskólinn Ylur en þar blómstrar starfsemin þessa dagana. Verið er að innleiða Jákvæðan aga, Heilsueflandi leikskóla og

Karellen skráningakerfið. Þá sátu starfsmenn námskeið um jákvæðan starfsanda, svo eitthvað sé nefnt.



Flottir tónleikar

Karلاكórinn Hreimur var með vortónleika í Ýdölum um síðustu helgi. Tónleikarnir voru frábær skemmtun og kaffihlaðborðið í boði betri helminga kórfélaga var glæsilegt. Með kórnum syngja þó nokkrir Mývetningar. Karلاكór Kjalnesinga söng með Hreimsmönnum að þessu sinni.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu og má þar nefna m.a. með nefndum sveitarfélagsins eins og skipulagsnefnd, atvinnumálanefnd og skólanefnd. Einnig forstöðumannafund, bæjar- og sveitarstjóraþing í Reykjavík og Seltjarnarnesi, vegna fráveitumála, með byggingaverktökum o.fl. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 9. maí n.k.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri